

# LANDSRÉTTUR

Dómur fimmtudaginn 30. apríl 2026.

Mál nr. 296/2025:

**A**

(Hulda Rós Ríkisdóttir lögmaður,  
Auður Tinna Aðalbjarnardóttir lögmaður, 2. prófmál)

**gegn**

**B**

(Snorri Stefánsson lögmaður)

## Lykilorð

Dánarbúi. Aðild. Dánarbússkipti. Arfur. Einkaskiptagerð. Endurgreiðslukrafa.

## Útdráttur

A áfrýjaði til Landsréttar dómi héraðsdóms þar sem fallist var á kröfu B um að A yrði gert að endurgreiða B 16.430.744 krónur af þeim fjármunum sem A fékk úthlutað úr dánarbúi móður sinnar. Í dómi Landsréttar kom fram að af gögnum málsins og málatilbúnaði B væri ljóst að hún sæti í óskiptu búi eftir eiginmann sinn, föður A, sbr. II. kafla erfðalaga nr. 8/1962. Samkvæmt 11. og 12. gr. þeirra laga hefði maki sem situr í óskiptu búi eignarráð og forræði á fjármunum búsins í lifanda lífi. Þar sem dómkrafa hennar lyti að því að endurheimta fjármuni sem hún teldi að hefðu ranglega verið greiddir A við einkaskipti á þeim hluta bús föður A sem laut að móðurarf hans hefði B lögmeata aðild að því að krefjast endurgreiðslu fjár til búsins vegna ráðstafana sem hún teldi hafa rýrt búið með ólögmetum hætti. Fyrir Landsrétti byggði A á því að hann hefði ekki fengið neina greiðslu frá föður sínum vegna móðurarfs og að engin gögn væru til staðar sem staðfestu að dánarbúi móður hans hefði verið skipt. Þar sem í gögnum málsins lá fyrir að A hafði sérstaklega leitað eftir upplýsingum um móðurarf sinn árið 1974 með aðstoð lögmanns og að A hefði gert samkomulag við föður sinn um að arfshluti móður hans skyldi greiddur út til hans taldi Landsréttur að leggja yrði til grundvallar að A hafi verið kunnugt um að skipti höfðu þegar farið fram á búi móður hans þegar einkaskiptagerð var gerð í júlí 2022. Því væri ekki unnt að líta svo á að sanngjarnt hefði verið í ljósi atvika og stöðu aðila, þar á meðal þess að hvaða leyti þeim mátti vera kunnugt um samkomulag A við föður sinn 1974, að einkaskiptagerðin væri miðuð við að engin skipti hefðu farið fram á búi móður hans. Niðurstaða Landsréttar var því sú að einkaskiptagerðin gæti ekki verið lögmetur grundvöllur fyrir greiðslu til A úr búi föður hans og móður, sbr. 36. gr. laga nr. 7/1936. Var honum því gert að endurgreiða B 16.430.744 krónur.

## Dómur Landsréttar

Mál þetta dæma landsréttardómarnir Ingibjörg Þorsteinsdóttir, Kjartan Bjarni Björgvinsson og Kristbjörg Stephensen.

### Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- 1 Áfrýjandi skaut málinu til Landsréttar 15. apríl 2025. Áfrýjað er dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 25. mars 2025 í málinu nr. E-[...]/2024.
- 2 Áfrýjandi krefst sýknu af öllum kröfum stefndu. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Landsrétti.
- 3 Stefnda krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Landsrétti.

### Niðurstaða

- 4 Atvikum málsins og málsástæðum aðila eru gerð skil í hinum áfrýjaða dómi. Eins og þar er rakið fékk áfrýjandi greiddar 17.397.248 krónur við einkaskiptagerð móður sinnar C 1. júlí 2022. Við einkaskiptagerðina var gengið út frá þeirri forsendu að engin skipti hefðu farið fram á búi móður áfrýjanda eftir að hún lést árið [...]. Í gerðinni kemur fram að samkomulag sé með erfingjum að hlutur áfrýjanda til greiðslu nemi helmingi af þriðjungu heildareigna bús föður áfrýjanda, D, sem lést [...] 2021, og eftirlifandi eiginkonu hans, stefndu í máli þessu.
- 5 Sama dag var gerð önnur einkaskiptagerð vegna bús föður áfrýjanda og kom þar fram að sú fjárhæð sem greidd hefði verið úr dánarbúi C til áfrýjanda kæmi til frádráttar heildareignum föður áfrýjanda og stefndu, eftirlifandi eiginkonu hans. Í sameiginlegu búi D og stefndu stæðu því eftir verðmæti að fjárhæð 87.028.011 krónur en búshelmingur stefndu væri 43.514.005 krónur. Með einkaskiptagerðinni og erfðafjárskýrslu sem gerð væri samhliða greiddi stefnda áfrýjanda 4.532.056 krónur sem næmi arfshluta eftir föður hans. Var þar jafnframt kveðið á um að með þeirri greiðslu væri arfshluti eftir föður áfrýjanda að fullu gerður upp og staðfest af hálfu áfrýjanda að hann ætti engar frekari kröfur á hendur óskiptu búi föður síns sem stefnda sæti í ásamt þremur dætrum hennar og hálfasystrum áfrýjanda. Áfrýjandi undirritaði báðar gerðirnar ásamt lögmanni fyrir hönd dánarbús D, eiginmanns stefndu.
- 6 Með hinum áfrýjaða dómi var áfrýjanda gert að endurgreiða stefndu 16.403.744 krónur af þeim fjármunum sem hann fékk úthlutað úr búi móður sinnar. Byggði sú niðurstaða dómsins á því að áfrýjandi hefði vitað eða mátt vita að skipti á dánarbúi móður hans hefðu farið fram árið 1974 og hann hefði því ekki getað verið í góðri trú þegar hann undirritaði einkaskiptagerð í júlí 2022 og tók við greiðslu á móðurarfi sínum í framhaldinu.
- 7 Í málflutningi fyrir Landsrétti gerði áfrýjandi athugasemdir við máltilbúnað stefndu að því leyti að hún sæti í óskiptu búi ásamt dætrum sínum þremur en gerði engu að síður ein kröfu um alla þá fjárhæð sem hún teldi áfrýjanda hafa fengið með röngu úthlutað við einkaskiptagerð á búi eiginmanns síns heitins og föður áfrýjanda sem og

úr búi móður áfrýjanda 2022. Vísaði áfrýjandi að því leyti til ákvæðis 84. gr. laga nr. 20/1991 um skipti á dánarbúum o.fl. sem og dóms Landsréttar 2. júní 2023 í máli nr. 147/2022.

- 8 Af gögnum málsins og málatilbúnaði stefndu er ljóst að hún situr í óskiptu búi eftir eiginmann sinn, D, föður áfrýjanda, sbr. ákvæði II. kafla erfðalaga nr. 8/1962. Samkvæmt 12. gr. þeirra laga hefur maki sem situr í óskiptu búi eignarráð og forræði á fjármunum búsins í lifanda lífi. Dómkrafa stefndu lýtur að því að endurheimta fjármuni sem hún telur að hafi ranglega verið greiddir áfrýjanda við einkaskipti á þeim hluta bús föður áfrýjanda sem laut að móðurarfi hans.
- 9 Þar sem stefnda fer með forræði hins óskipta bús hefur hún lögsmæta aðild að því að krefjast endurgreiðslu fjár til búsins vegna ráðstafana sem hún telur hafa rýrt búið með ólögsmætum hætti. Er kröfu hennar því að réttu lagi beint að áfrýjanda, sem tók við fjármunum úr búinu, í því skyni að endurheimta verðmætin til hins óskipta bús, sbr. til hliðsjónar dóm Hæstaréttar 24. febrúar 2000 í máli nr. 416/1999. Í málinu er því ekki uppi sú staða að skiptum sé að fullu lokið úr búi og eignum hafi verið endanlega úthlutað til erfingja þannig að ákvæði 84. gr. laga nr. 21/1990 eigi við, svo sem raunin var í fyrrnefndum dómi Landsréttar og áfrýjandi hefur vísað til. Stefnda er því réttur aðili að kröfunni sem hún hefur uppi í máli þessu.
- 10 Í greinargerð sinni til Landsréttar byggir áfrýjandi á því að hann kannist ekki við að hafa fengið nokkra greiðslu frá föður sínum vegna móðurarfs og að engin gögn séu til staðar sem staðfesti að dánarbúi móður hans hafi verið skipt. Áfrýjandi kveður búi móður sinnar jafnframt aldrei hafa verið skipt gagnvart sér. Í greinargerðinni er enn fremur á því byggt að dóttir stefndu hafi greint ranglega frá atvikum í héraði um að gögn hafi fundist í Þjóðskjalasafninu frá 1974 sem lúti að skiptum á dánarbúi móður áfrýjanda.
- 11 Í munnlegum málflutningi áfrýjanda fyrir Landsrétti var því auk þess haldið fram að skilyrði skipta á búi móður hans hefðu ekki verið uppfyllt samkvæmt þágildandi lögum nr. 3/1878 um skipti á dánarbúum og félagsbúum. Vísaði áfrýjandi um það til þess að ekkert lægi fyrir um að skiptaráðandi hefði samþykkt skiptin eins og kveðið var á um í ákvæðum laganna. Stefnda hefur mótmælt þessum málsástæðum sem of seint fram komnum.
- 12 Fyrir liggur að áfrýjandi byggði á því í greinargerð sinni í héraði að hann hefði leitað upplýsinga um skipti á dánarbúi móður sinnar og að niðurstaða þeirrar leitar hefði verið sú að búinu hefði ekki verið skipt. Er því ekki unnt að líta svo á að áfrýjandi hafi haldið fram nýrri málsástæðu fyrir Landsrétti um að dánarbúinu hafi verið óskipt við einkaskipti árið 2022. Þá verður heldur ekki lagt til grundvallar að málsástæða áfrýjanda sem lýtur að skýrslugjöf í héraði sé of seint fram komin, enda gafst áfrýjanda ekki tilefni til að hreyfa henni fyrr, sbr. 5. mgr. 101. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

- 13 Öðru máli gegnir um þá málsástæðu áfrýjanda að skipti hafi ekki farið fram í samræmi við kröfur þágildandi laga nr. 3/1878, sem fyrst var hreyft í munnlegum málflutningi fyrir Landsrétti. Þar sem röksemdir áfrýjanda að þessu leyti lúta meðal annars að því hvort samþykki skiptaráðanda hafi legið fyrir varða þær atvik málsins og þar með sönnunarfærslu aðila. Teljast þær af þeim sökum til nýrrar málsástæðu sem gegn mótmælum stefndu kemst ekki að við meðferð málsins á þessu stigi.
- 14 Eins og áður greinir krefst stefnda þess fyrir Landsrétti að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur. Stefnda hefur því ekki lengur uppi sjálfstæða dómkröfu um ógildingu einkaskiptagerðar 1. júlí 2022 vegna skipta á dánarbúi C, svo sem hún gerði í héraði, heldur takmarkast kröfugerð hennar við endurgreiðslukröfu sem hún tefldi fram til vara í héraði og fallist var á í meginatriðum með þeim hætti sem greinir í hinum áfrýjaða dómi. Með dóminum var áfrýjanda gert að greiða stefndu 16.430.744 krónur ásamt þar tilgreindum dráttarvöxtum.
- 15 Endurgreiðslukrafa stefndu er sett fram á grundvelli 2. mgr. 84. gr. laga nr. 20/1991, sbr. 3. mgr. 95. gr. sömu laga. Af þeim ákvæðum leiðir að sá sem hefði átt rétt til arfs eða gjafar úr búi en gengið var fram hjá við einkaskipti getur krafist hvern þann fyrir sig sem naut arfs í hans stað um endurgreiðslu fyrir sitt leyti, svo framarlega sem hann gefur sig fram innan tíu ára. Í stefnu málsins til héraðsdóms er ótvírætt byggt á því að stefnda eigi rétt til þess fjár sem var úthlutað til áfrýjanda.
- 16 Enda þótt stefnda hafi ekki fyrir Landsrétti uppi kröfu um ógildingu einkaskiptagerðarinnar er ljóst af málatilbúnaði hennar að endurgreiðslukrafa hennar, sem var varakrafa málsins í héraði og fallist var á í hinum áfrýjaða dómi, byggist á því að forsendur einkaskiptagerðarinnar hafi brostið með vísan til laga nr. 7/1936 um sammingsgerð, umboð og ógilda löggerninga, þar á meðal 30., 33. gr. og 36. gr. laganna. Þar sem stefnda var sjálf aðili að einkaskiptagerðinni getur hún borið ákvæði laganna fyrir sig til að hnekkja þeirri ráðstöfun sem gerð var með greiðslunni til áfrýjanda á grundvelli gerðarinnar og girða ákvæði laga nr. 20/1991 ekki fyrir slíka kröfu í almennu einkamáli, sbr. til hliðsjónar dóm Hæstaréttar 23. október 2008 í máli nr. 69/2008.
- 17 Þótt stefnda hafi í stefnu málsins í héraði lýst kröfu sinni sem skaðabótakröfu er ljóst af málatilbúnaði hennar að krafa hennar beinist efnislega að því að búi hennar sé komið í sömu stöðu fjárhagslega og raunin hefði verið ef ekki hefði komið til fjárgreiðslunnar til áfrýjanda sem byggði á þeirri forsendu að dánarbúi móður hans hefði aldrei verið skipt. Er grundvöllur málshöfðunar hennar nægilega skýr að þessu leyti til að áfrýjandi komi að efnislegum vörnum.
- 18 Samkvæmt 1. mgr. 36. gr. laga nr. 7/1936 má víkja samningi til hliðar í heild eða að hluta, eða breyta, ef það yrði talið ósanngjarnt eða andstætt góðri viðskiptavenju að bera hann fyrir sig. Kemur þar jafnframt fram að sama eigi við um aðra löggerninga. Með reglu 1. mgr. 36. gr. laga er vikið frá grundvallarreglu íslensks réttar um

skuldbindingargildi samninga. Ber sá sem krefst ógildingar á efni samnings með vísan til stöðu samningsaðila, atvika við samningsgerðina eða atvika, sem síðar komu til, sbr. 2. mgr. 36. gr., sönnunarbyrði fyrir því að þessi atriði eigi að valda því að talið verði ósanngjarnt að viðsemjandinn beri samninginn fyrir sig.

- 19 Fyrir liggur í gögnum málsins að áfrýjandi leitaði sérstaklega eftir upplýsingum um móðurarf sinn árið 1974 með aðstoð lögmanns og að áfrýjandi gerði samkomulag við föður sinn, eiginmann stefndu, um að arfshluti móður áfrýjanda skyldi greiddur út til hans.
- 20 Með hliðsjón af þessum atvikum og að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms verður að leggja til grundvallar að áfrýjanda hafi verið fullkunnugt um að skipti höfðu þegar farið fram þegar einkaskiptagerð var gerð 1. júlí 2022. Er því ekki unnt að líta svo á að sanngjarnt hafi verið í ljósi atvika og stöðu aðila, þar á meðal þess að hvaða leyti þeim mátti vera kunnugt um samkomulag áfrýjanda við föður sinn 1974, að einkaskiptagerðin 1. júlí 2022 væri miðuð við að engin skipti hefðu þá þegar farið fram á búi móður hans. Gat einkaskiptagerðin því ekki orðið lögmætur grundvöllur fyrir greiðslu til áfrýjanda úr búi föður hans, sbr. 36. gr. laga nr. 7/1936. Verður honum því gert að endurgreiða stefndu, sem situr í óskiptu búi föður áfrýjanda, til baka svo sem greinir í dómsorði. Að virtri þessari niðurstöðu er ekki þörf á að fjalla um málsástæður stefndu sem varða 30. og 33. gr. laga nr. 7/1936. Þá hafa málsástæður áfrýjanda um að dóttir stefndu hafi greint ranglega frá atvikum í héraði enga þýðingu fyrir úrlausn málsins.
- 21 Eins og rakið er í hinum áfrýjaða dómi tók áfrýjandi við 17.397.248 krónum úr dánarbúinu. Fyrir Landsrétti hefur stefnda, í samræmi við kröfu sína um staðfestingu hins áfrýjaða dóms, takmarkað kröfu sína við 16.430.744 krónur. Stefnda krefst auk þess dráttarvaxta af höfuðstólnum frá 27. ágúst 2022, eða gjalddaga erfðafjárskatts svo sem fallist var á í hinum áfrýjaða dómi. Fyrir Landsrétti mótmælir áfrýjandi sérstaklega þeirri dráttarvaxtakröfu á þeirri forsendu að honum hafi verið alls ókunnugt um efasemdir stefndu fyrr en hún höfðaði mál þetta í héraði.
- 22 Samkvæmt 2. mgr. 84. gr. laga nr. 20/1991 verður sá sem ranglega naut arfs aðeins krafinn um vexti af fénu ef hann tók við því gegn betri vitund. Í ljósi þeirra atvika sem að framan eru rakin verður að leggja til grundvallar að áfrýjanda hafi mátt vera ljóst að einkaskiptagerðin 2022 var ekki byggð á réttri forsendu og hann hafi því ekki getað verið í góðri trú við viðtöku fjárins. Verður því staðfest sú niðurstaða hins áfrýjaða dóms að skilyrði ákvæðisins um greiðslu vaxta séu uppfyllt. Aftur á móti er ekki fallist á þá ályktun dómsins að krafa stefndu sé í eðli sínu skaðabótakrafa sem beri vexti samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, sbr. 9. gr. sömu laga. Þykir því rétt svo sem hér háttar til að hún beri dráttarvexti frá því að málið var höfðað 3. september 2024. Hinn áfrýjaði dómur skal að öðru leyti vera óraskaður, meðal annars um málskostnað aðila.

- 23 Eftir þessum úrslitum málsins ber áfrýjanda að greiða stefndu málskostnað fyrir Landsrétti svo sem greinir í dómsorði.

### **Dómsorð:**

Áfrýjandi, A, greiði stefndu, B, 16.430.744 krónur auk dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 3. september 2024 til greiðsludags.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um málskostnað skal vera óraskað.

Áfrýjandi greiði stefndu 1.100.000 krónur í málskostnað fyrir Landsrétti.

### **Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 25. mars 2025**

#### *Málsmeðferð og dómkröfur aðila*

1. Mál þetta, sem dómtekið var 26. febrúar 2025, var höfðað með birtingu stefnu 23. ágúst 2025. Stefnandi er B, [...]. Stefndi er A, [...].
2. Stefnandi krefst þess aðallega að stefndi verði dæmdur til að þola ógildingu á einkaskiptagerð, dags 1. júlí 2022, vegna skipta á dánarbúi C og að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 17.397.248 kr. auk dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 27. ágúst 2022 til greiðsludags.  
Til vara er þess krafist að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 16.430.692 kr. auk dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 27. ágúst 2022 til greiðsludags.  
Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar.
3. Stefndi krefst sýknu af öllum kröfu stefnanda auk málskostnaðar.

#### *Helstu málsatvik*

4. Stefndi, sem fæddist [...], var sonur hjónanna D og C sem lést [...]. Stefndi ólst upp hjá móðurforeldrum sínum eftir lát hennar. D gekk í hjúskap að nýju með stefnanda [...] og eignuðust þau hjónin þrjár dætur. D lést [...].
5. Hinn 1. júlí 2022 voru undirritaðar tvær einkaskiptagerðir vegna dánarbús D og C af stefnda og erfingjum dánarbús D og dánarbúi D. Samkvæmt einkaskiptagerð vegna dánarbús D voru stefnda greiddar 4.532.056 krónur, en það var sú fjárhæð sem kom í hlut hvers barns hins látna. Samkvæmt einkaskiptagerð vegna dánarbús C fékk stefndi greiddar 17.397.248 kr. Í þeirri einkaskiptagerð er m.a. tekið fram að engin skipti hafi farið fram á dánarbúi hinnar látna fyrir en nú, en óumdeilt sé að eignir hafi verið fyrir hendi á dánardegi hennar.
6. Skömmu eftir skiptin fundu dætur hins látna bréf sem stefndi hafði sent til bæjarfógetans í Kópavogi 5. júní 1974 þar sem hann óskaði eftir upplýsingum um lát móður sinnar, C, varðandi dánarbú hennar. Var óskað eftir upplýsingum um hvort búinu hefði verið skipt og honum skipaður lögráðamaður eða hvort faðir hans hefði fengið leyfi til setu í óskiptu búi. Í gögnunum var jafnframt umboð sem stefndi fól E lögmanni til að biðja um skipti á dánarbúi móður sinnar. Þá fundust einnig bréf frá F frá 22. janúar 1974 til bæjarfógeta og 23. mars til þáverandi lögmanns stefnda, þar sem upplýst var að D hefði verið nemi og svo til eignalaus á þeim tíma þegar móðir stefnda lést. Það hefði því ekki verið mikið til skiptanna nema innbú sem hefði að miklu leyti fylgt með stefnda til móðurömmu hans við lát móðurinnar. D vilji engu að síður leita sátta og bjóða fram 25.000 króna greiðslu. Hinn 5. júní 1974 undirrituðu lögmenirnir E og F sátt þar sem greiddar voru 50.000 kr. og afhentur víxill að fjárhæð 50.000 krónur sem ætlaður arfshluti stefnda

eftir móðir hans og yfirlýsing um að stefndi gerði engar frekari kröfur í þessu efni á hendur föður sínum. Sama dag sendu lögmennirnir bréf til bæjarfógeta þar sem upplýst var um að fullar sættir hefðu náðst í málinu og umræddu búi þar með fullskipt.

7. Með bréfi, dagsettu 28. maí 2024, óskuðu erfingjar D og dætur stefnanda eftir skýringum stefnda á því hvers vegna upplýsingum um eldri skipti hefði verið haldið frá erfingjum og umboðsmönnum þeirra. Þetta hefði leitt til þess að arfshluti hans hefði orðið stærri en rétt hefði verið að lögum. Bréfið var ítrekað 14. júní 2024 en engin svör bárust frá stefnda.
8. Við aðalmeðferð málsins gaf stefndi skýrslu en auk þess gáfu dætur stefnanda og hins látna, þær G og H skýrslu fyrir dóminum.

#### *Helstu málsástæður og lagarök stefnanda*

9. Stefnandi byggir kröfur sínar á því að við einkaskipti eftir D og C hafi stefndi haft rangt við þegar hann upplýsti ekki aðra erfingja D um skipti á dánarbúi fyrri konu hans, C. Með þessum blekkingum hafi stefndi komið því til leiðar að skiptin urðu á annan veg en ella með þeim afleiðingum að hann hlaut sérstaklega 17.397.248 krónur í arf eftir móður sína þrátt fyrir að hann hefði þegar tekið arf eftir hana.
10. Stefnandi vísar til þess að samkvæmt lögum nr. 20/1991 um skipti á dánarbúum o.fl. er skiptum lokið þegar sýslumaður staðfestir einkaskiptagerð skv. 1. mgr. 95. gr. laganna. Verða skiptin ekki tekin upp aftur nema fram komi nýjar eignir sem hefðu átt að koma til skipta, sbr. 2. mgr. 95. gr. laganna. Leiði af þessum ákvæðum að stefnanda sé ekki fært að fara fram á það við sýslumann að skiptin verði tekin upp á nýjan leik.
11. Stefnandi byggir á því að samkvæmt 3. mgr. 95. gr. laganna gildi 2. mgr. 84. gr. laganna um þann sem gengið hefur verið framhjá við einkaskipti. Þar segi að hver sem gefi sig fram innan 10 ára frá lokum opinberra skipta og hefði átt rétt til arfs en gengið var framhjá við skiptin geti krafist hvern þann sem naut arfs í hans stað um endurgreiðslu fyrir sitt leyti. Sá sem naut arfsins verði ekki krafinn um arð eða vexti af fénu nema hann hafi tekið við arfinum gegn betri vitund. Stefnandi vísar til þess að hún eigi rétt til þess sem var ranglega úthlutað, auk vaxta frá greiðsludegi. Krafan sé skaðabótakrafa og ætti því að bera dráttarvexti samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr., laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Af ákvæðinu leiði að stefnandi eigi rétt á vöxtum.
12. Stefnandi byggir aðalkröfu sína um ógildingu einkaskiptagerðar og fjárkröfu á ógildingarreglum samningaréttar, einkum 30., 33. og 36. gr. samningalaga nr. 7/1936. Stefnandi hafi með sviksamlegum hætti fengið verulegan ávinning sér til handa með gerð einkaskiptagerðar eftir andlát C þar sem hann hafi veitt stefnanda og niðjum hennar rangar upplýsingar um skipti eftir móður sína. Svik stefnda hafi nánar falist í því að hann með ólögum hætti og gegn betri vitund hafi leynt stefnanda og aðra erfingja D upplýsingum um að skipti hefðu þegar farið fram. Stefnandi vekur jafnframt athygli á því að það sé ekki nauðsynlegt að stefndi hafi beinlínis haldið því fram að skipti hefðu ekki farið fram, heldur sé nægjanlegt að hann hafi þagað um þau atvik. Með því hafi stefndi náð fram niðurstöðu í skiptunum sem sé í andstöðu við 30. gr. samningalaga. Einkaskiptagerðin geti því ekki verið bindandi fyrir stefnanda hvað varðar stefnda.
13. Stefnandi vísar jafnframt til þess að stefnda sé óheimilt að bera samninginn fyrir sig samkvæmt 33. gr. samningalaga. Stefnandi hafi beinlínis farið fram á upplýsingar um skipti á dánarbúi móður sinnar og gert sérstakt samkomulag um skiptin sumarið 1974, sem lauk með greiðslu til stefnda. Stefnandi hafi því komið því til leiðar með óheiðarleika sínum að skiptin urðu annars efnis en ella hefði orðið. Stefnandi eigi því rétt til bóta, enda hefði hún aldrei samþykkt umrædda einkaskiptagerð ef hún hefði haft réttar upplýsingar undir höndum.
14. Stefnandi byggir jafnframt á því að víkja megi einkaskiptagerðinni til hliðar á grundvelli 36. gr. samningalaga enda verði að telja það verulega ósanngjarnt af stefnda að bera einkaskiptagerðina fyrir sig. Efni einkaskiptagerðarinnar, aðstæður við samningsgerðina, staða aðila og þau atvik sem síðar hafa komið í ljós hvað varðar skiptin leiði öll til þeirrar niðurstöðu að stefnandi telji bersýnilega ósanngjarnt af stefnda að bera fyrir sig einkaskiptagerðina enda hafi hann haldið upplýsingum leyndum frá öðrum erfingjum D sjálfum sér til hagsbóta á kostnað annarra erfingja.

15. Fjárhæðin miðist við endurgreiðslu þess fjár sem greitt var stefnda vegna einkaskiptagerðarinnar. Um sé að ræða vangildisbætur þar sem samningur aðila um greiðslu til stefnda vegna skipta á búi C sé ógildanleg ráðstöfun sökum blekkingar stefnda, óheiðarleika og þar sem ósanngjarnt sé af stefnda að bera einkaskiptagerðina fyrir sig.
16. Stefnandi byggir á því í varakröfu að hún eigi rétt til skaðabóta vegna háttsemi stefnda í tengslum við einkaskipti eftir C og D. Er krafan þannig útreiknuð að dregin er frá greiðslu sem stefndi hlaut vegna skipta eftir móður sína sú aukna hlutdeild sem hann hafi fengið vegna skipta á búi föður síns, eða 966.556 krónur. Sé þá á því byggt að málsástæður stefnanda leiði til þess að hún eigi rétt til bóta sem geri hana eins setta og ef ekki hefði komið til háttsemi stefnda
17. Stefnandi byggir á því að dæma beri hæstu leyfilegu dráttarvexti 1. mgr. 6. gr. vaxtalaga. Eins og atvikum sé háttað beri að greiða dráttarvexti frá gjalddaga erfðafjárskatts en hann sé 27. ágúst 2022 verði fallist á kröfu stefnanda með vísan til málsástæðna sem byggjast á samningalögum.

#### *Helstu málsástæður og lagarök stefnda*

18. Stefnandi vísar til þess að amma hans hafi leitað til E lögmanns til að rétta sinn hlut eftir andlát móður hans. Sú tilraun hafi ekki tekist enda hafi stefndi aldrei fengið neitt greitt úr dánarbúi móður sinnar. Stefnandi hafi leitað upplýsinga um dánarbú móður sinnar eftir að faðir hans lést og hafi niðurstaða þeirrar leitar verið sú samkvæmt gögnum Þjóðskjalasafnsins að engin gögn hafi staðfest skipti á dánarbúi C. Á grundvelli þess hafi stefndi gert kröfu um hlutdeild vegna dánarbús móður sinnar á sama tíma og gengið var frá skiptum á dánarbúi föður hans. Stefnandi kannast ekki við að hafa haft rangt við þegar hann tók við arfi eftir andlát föður síns eða beitt einhverjum blekkingum. Þvert á móti hafi hann leitað allra upplýsinga sem hann gat um það hvort dánarbúi móður hans hefði verið skipt.
19. Stefnandi vísar til þess að samkvæmt 95. gr. skiptalaga nr. 20/1991 séu afar þröngar heimildir til þess að fá skipti endurupptekin. Það sé einungis í þeim tilvikum sem í ljós koma eignir sem hefði átt að taka tillit til við skipti á dánarbúinu. Kröfugerð stefnanda um ógildingu einkaskiptagerðar eigi sér enga stoð í lögum um skipti á dánarbúum nr. 20/1991 enda sé hvergi í stefnu að finna rök fyrir þeirri kröfugerð.
20. Stefnandi vísar til þess að hann hafi verið í góðri trú þegar hann tók við arfi eftir móður sína í kjölfar andláts föður síns, enda hafi hann leitað allra leiða til að kanna um skipti dánarbúsins, án árangurs.
21. Stefnandi hafnar með öllu tilvísunum til ákvæða samningalaga enda hafi stefndi ekki sýnt af sér neinn óheiðarleika, heldur leitað allra leiða til að fá upplýsingar um hvort einhver skipti hefðu farið fram eftir andlát móður hans. Hafi það verið ætlunin hjá föður stefnda að gera upp móðurarf hans á árinu 1974 virðist það ekki hafa gengið upp. Hvergi í opinberum gögnum sé það skráð að skiptum búsins hafi verið lokið og stefndi hafi aldrei fengið greiddan móðurarf sinn á þeim tíma.
22. Stefnandi vísar til þess að lög nr. 21/1991 gildi um skipti dánarbúa. Stefnandi hafi hins vegar einnig vísað til samningalaga til stuðnings ógildingu á skiptum dánarbúsins með vísan til þess að stefndi hafi blekkt stefnanda til að ganga til samninga um skipti búsins. Lög um skipti á dánarbúum eru sérlög og því sé hæpið að vísa til samningalaga. Stefnandi telji sig auk þess hvorki hafa beitt svikum né blekkingum eða óheiðarleika við skiptin. Hann hafi þvert á móti verið heiðarlegur í allri sinni framgöngu vegna skipta á dánarbúi foreldra hans. Stefnandi hafi notið aðstoðar lögmanns þegar gengið var frá skiptunum sem auk þess hafi verið borin undir fulltrúa sýslumannsins á Suðurlandi.
23. Stefnandi krefst þess að varakröfu verði hafnað á grundvelli vanreifunar, enda með öllu ómögulegt að átta sig á framsetningu hennar.
24. Stefnandi mótmælir dráttarvaxtakröfu enda hafi hann tekið við greiðslu í góðri trú og enga hugmynd haft um efasemdir stefnanda fyrr en nú, tveimur árum eftir að skiptum lauk. Engin rök séu sett fram í stefnu fyrir því hvers vegna stefnandi eigi rétt til greiðslu dráttarvaxta tvö ár aftur í tímann.

#### *Niðurstaða*

25. Samkvæmt 1. mgr. 95. gr. skiptalaga nr. 20/1991 er einkaskiptum lokið þegar sýslumaður hefur staðfest einkaskiptagerð. Verða skiptin ekki tekin upp aftur nema síðar komi fram eignir sem hefðu átt að koma til

- skipta, sbr. 2. mgr. ákvæðisins. Samkvæmt 3. mgr. 95. gr. skiptalaga gilda ákvæði 2. mgr. 84. gr. laganna um rétt þess sem kann að hafa verið gengið framhjá við einkaskipti.
26. Ákvæði 3. mgr. 95. gr. sem vísar til ákvæðis 2. mgr. 84. gr. laganna fjallar um rétt þess sem kann að hafa verið gengið framhjá við einkaskipti og felur í sér þá meginreglu að eignaskipti verði ekki endurupptekin þótt gengið hafi verið ranglega framhjá erfingja við þau, heldur verði slíkur erfingi að halda uppi tilkalli sínu með málssókn eftir almennum reglum 2. mgr. 84. gr. Í 2. mgr. 84. gr. laganna er mælt fyrir um hvers efnis sú krafa gæti orðið gagnvart þeim sem hefði fengið ranglega arf í hans stað og jafnframt að slík krafa fyrnist þegar liðin eru 10 ár frá skiptalokum. Verður að líta svo á að sá erfingi sem gengið var framhjá við skiptin eignist bótakröfu á hendur þeim sem naut arfs í hans stað sem miði að því að gera hann eins settan fjárhagslega og ef rétt hefði verið staðið að skiptum í upphafi með þeirri takmörkun sem mælt er fyrir um í niðurlagsákvæði málsgreinarinnar.
27. Í þessu máli liggja fyrir gögn sem sýna fram á að skiptum á dánarbúi móður stefnda sem lést á árinu [...] lauk 5. júní 1974, með því að stefndi fékk greiddan arfshluta eftir móður sína. Lögmaður stefnda á þeim tíma lýsti því jafnframt yfir f.h. stefnda og samkvæmt umboði hans að stefndi gerði engar frekari kröfur í þessu efni á hendur föður sínum. Samkvæmt einkaskiptagerð sem var útbúin við andlát föður stefnda og eiginmanns stefnanda 1. júlí 2022 voru stefnda greiddar 17.397.248 kr. vegna skipta á dánarbúi móður stefnda. Sú einkaskiptagerð byggðist á þeirri forsendu sem tekin var fram í einkaskiptagerðinni að engin skipti hefðu farið fram á dánarbúi móður stefnda. Sú forsenda var augljóslega röng og standa því ekki rök til annars en að ætla að ef rétt hefði verið staðið að skiptum eftir andlát föður stefnda og eiginmanns stefnanda hefðu þessar 17.397.248 kr. fallið undir einkaskiptagerð dánarbús föður stefnda og eiginmanns stefnanda. Sú einkaskiptagerð var útbúin sama dag, 1. júlí 2022, samhliða einkaskiptagerð vegna skipta á dánarbúi móður stefnda. Breytir engu um endurgreiðslukröfu stefnanda samkvæmt ákvæði 84. gr. skiptalaga nr. 20/1991 á hendur stefnda hvort stefndi hafi verið í góðri trú eða ekki um það hvort skipti á dánarbúi móður hans hefðu áður farið fram. Það er einungis þegar kemur að vaxtakröfu stefnanda sem huglæg afstaða stefnda skiptir máli, sbr. niðurlag 84. gr. skiptalaga nr. 20/1991.
28. Stefnandi byggir aðalkröfu sína um ógildingu einkaskiptagerðar á III. kafla laga nr. 7/1936 um ógildi löggerninga. Stefndi hefur mótmælt því að hann hafi sýnt af sér einhvern óheiðarleika auk þess sem hæpið sé að vísa til samningalaga í þeim tilvikum þegar um skipti á dánarbúi sé að ræða. Samkvæmt 40. gr. samningalaga nr. 7/1936 gilda ákvæði laganna ekki um löggerninga sem lúta að málefnum á sviði persónuréttar, sífjaréttar eða erfðaréttar. Verður reglum III. kafla laganna því ekki beitt óbreyttum um löggerninga á sviði sem reglur erfðaréttarins gilda um. Hins vegar verður að telja að ákvæðið standi ekki í vegi fyrir því að unnt sé að beita meginreglum um ógildisástæður, sem lögfestar eru varðandi löggerninga á sviði fjármunaréttar og löggerninga um erfðaréttarleg málefni, sbr. t.d. Hrd. nr. 225/1981. Þessar reglur geta því komið til fyllingar sérlögum nr. 20/1991 um skipti á dánarbúum, en geta ekki vikið frá skýrum og afdráttarlausum ákvæðum þeirra laga. Samkvæmt 84. gr. laga nr. 20/1991 geta erfingjar sem gengið er framhjá við einkaskipti ekki krafist endurupptöku á einkaskiptunum nema því aðeins ef síðar kemur fram eign sem ekki var tekið tillit til í einkaskiptagerð. Af hálfu stefnanda er ekki byggt á því að umrædd eign hafi komið fram síðar í skilningi ákvæðisins, enda liggur fyrir að þessar eignir voru fyrir hendi við skiptin. Skiptin byggðust hins vegar á þeirri forsendu að skipti hefðu ekki farið fram á móðurarfi stefnda, eins og áður hefur verið rakið. Með því að einkaskiptagerð verður ekki tekin upp að nýju samkvæmt sérlögum sem um hana gilda verður jafnframt að hafna því að ákvæði samningalaga geti leitt til ógildingar á einkaskiptagerð. Verður því að hafna þeim hluta kröfugerðar stefnanda. Það breytir því hins vegar ekki að stefnandi á samkvæmt 84. gr. laganna rétt á endurgreiðslu úr hendi stefnda.
29. Með vísan til þess sem hér hefur verið rakið verður að miða við að endurgreiðslukrafa stefnanda samkvæmt 84. gr. skiptalaga nr. 20/1991 miði að því að gera stefnanda eins settan fjárhagslega og ef rétt hefði verið staðið að skiptum í upphafi. Samkvæmt einkaskiptagerð 1. júlí 2022 voru eignir föður stefnda og eiginmanns stefnanda samtals 104.425.259 kr. Ef rétt hefði verið staðið að skiptunum hefði móðurarfur stefnda samkvæmt einkaskiptagerð 1. júlí 2022, samtals 17.397.248 kr., ekki dregist frá þeirri fjárhæð. Samtals hefðu þá eignir dánarbús föður stefnda og eiginmanns stefnanda numið 104.425.259 kr. í stað 87.028.011 kr. Í einkaskiptagerðinni er jafnframt gert ráð fyrir að stefnandi geri upp arfshluta stefnda eftir

föður hans. Samkvæmt einkaskiptagerðinni nemur sú fjárhæð 4.532.056 kr. enda þótt hlutur hvers barns sé samkvæmt töflu á fyrri síðu einkaskiptagerðarinnar ákveðinn 4.834.841 kr. Af gögnum málsins má þó sjá að greiddur hefur verið erfðafjárskattur að fjárhæð 355.244 vegna arfshluta stefnda úr dánarbúi móður sinnar og föður. Stefndi samþykkir greiðslu að fjárhæð 4.532.056 kr. sem fullnaðargreiðslu samkvæmt einkaskiptagerðinni og verður hún því lögð til grundvallar en jafnframt tekið tillit til þess að til viðbótar hefði komið greiðsla að fjárhæð 966.504 kr. vegna endurgreiðslunnar á móðurarfnum.

30. Greiðsla samkvæmt móðurarfi er samtals 17.397.248 kr. Þegar tekið hefur verið tillit til búshelmings stefnanda nemur sú fjárhæð 8.698.624 kr. sem skiptist þá þannig að í hlut stefnanda samkvæmt erfðaskrá koma 2.899.512 kr. Til skipta á grundvelli erfðalaga standa þá 5.799.025 kr. Hlutur stefnanda í þeirri fjárhæð er 1/3 eða 1.933.008 kr. og hlutur barna þá 3.866.017 kr. sem skiptist í fjóra hluta eða sem nemur 966.504 kr. á hvert barn, þ.m.t. stefnda. Sú fjárhæð kemur þá til lækkunar á endurgreiðslukröfu stefnanda í samræmi við það að endurgreiðslukrafa stefnanda samkvæmt 84. gr. skiptalaga nr. 20/1991 miði að því að gera stefnanda eins setta fjárhagslega og ef rétt hefði verið staðið að skiptum í upphafi, þ.m.t. greiðslu á föðurarfi til stefnda. Varakrafa stefnanda er jafnframt byggð á þessum sjónarmiðum og verður ekki fallist á að sjónarmið varðandi varakröfu séu vanreifud, enda segir í stefnu að dregin sé frá endurgreiðslukröfunni sú aukna hlutdeild sem hann hefði fengið vegna skipta á búi föður síns ef greiðslan sem stefndi hlaut í móðurarf hefði fallið þar undir. Varakrafan gerir þó ráð fyrir að örlítið hærri fjárhæð dragist frá endurgreiðslukröfunni, eða 966.566 kr. Fjárhæðin 966.504 kr. rúmast þó vel innan fjárhæðar stefnanda í aðalkröfu og verður sú fjárhæð því lögð til grundvallar.
31. Dæmdar fjárkröfur stefnanda eru í eðli sínu skaðabótakröfur og bera sem slíkar dráttarvexti samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr., laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Sú sérregla gildir um vexti samkvæmt 84. gr. skiptalaga nr. 20/1991 að þeir ráðast af því hvort stefndi hafi verið í góðri trú. Af fyrirbyggjandi gögnum má ráða að stefndi leitaði í ársbyrjun 1974 til bæjarfógetans í Kópavogi til að fá upplýsingar um skipti á dánarbúi móður sinnar. Í gögnunum kemur fram að hann hafi fyrst komið til viðtals hjá fulltrúa bæjarfógetans til að fá upplýsingar um dánarbú móður sinnar og síðan fylgt því eftir með bréfi til embættisins. Nokkrum dögum síðar veitti stefndi E lögmanni skriflegt umboð til þess að biðja um skipti á dánarbúi móður sinnar. Í framhaldi af því áttu sér stað samskipti milli lögmanns stefnda og lögmanns föður hans um sættir málsins. Hinn 5. júní 1974 náðist síðan samkomulag á milli stefnda og föður hans um greiðslu á 50.000 kr. fyrir arfshluta stefnda eftir móður sína. Lögmaður stefnda undirritar um móttöku á greiðslunni f.h. stefnda og lýsir því yfir að hann geri engar frekari kröfur á hendur föður sínum vegna þessa.
32. Að mati dómsins getur stefndi ekki hafa verið í góðri trú við andlát föður síns [...] 2021 um að engin skipti hefðu farið fram á dánarbúinu. Stefndi leitaði bæði til bæjarfógetans í Kópavogi og til lögmanns til þess að knýja á um skiptin og faðir hans fól jafnframt lögmanni að gæta sinna hagsmuna. Þó vissulega sé langt um liðið frá því að umrædd samskipti áttu sér stað var stefnandi orðinn rúmlega 19 ára gamall og átti endurtekin samskipti við embætti bæjarfógetans og lögmann sinn í þeim tilgangi að krefjast skipta á dánarbúinu. Þá fóru fram viðræður milli hans og föður hans fyrir milligöngu lögmannna um skiptin og má gera ráð fyrir að lögmaður stefnda á þessum tíma hafi a.m.k. borið undir hann endanlega tillögu um lausn málsins. Loks liggja engin gögn fyrir um annað en að þessum greiðslum hafi verið skilað til stefnda. Við mat á grandsemi verður jafnframt að horfa til þess að fyrir stefnda hlýtur það að hafa verið nokkuð óvanalegt og þá um leið eftirminnilegt að leita ítrekað til bæjarfógeta og lögmanns vegna skiptanna og standa í samningaviðræðum við föður sinn í nokkra mánuði fyrir milligöngu lögmannna um endanlega fjárhæð vegna þeirra. Þegar þetta er virt í heild sinni verður fallist á að stefndi hafi vitað eða mátt vita að skipti á dánarbúi móður hans hefðu farið fram á árinu 1974 og því ekki getað verið í góðri trú þegar hann undirritaði einkaskiptagerðina 1. júlí 2022. Breytir engu um það þó að stefndi hafi fengið upplýsingar um annað hjá sýslumanni eftir andlát föður hans.
33. Í tilkynningu um álagningu erfðafjárskatts sem dagsett er 17. ágúst 2022 kemur fram að gjalddagi erfðafjárskatts sé tíu dögum frá dagsetningu bréfsins. Jafnframt kemur fram að tilkynningin hafi verið send öllum erfingjum, þ.m.t. stefnda. Stefndi hefur ekki mótmælt því að hann hafi verið búinn að móttaka greiðsluna á þeim tíma og við aðalmeðferð málsins kom fram að hann hefði sent kyrrsetningarbeiðni vegna

vanefnda á greiðslu 25. ágúst 2022 og hefði greiðsla borist einum eða tveimur dögum síðar. Verður stefnda því gert að greiða dráttarvexti frá þeim tíma sem krafist er í stefnu,

34. Stefnda verður því gert að greiða stefnanda 16.430.744 kr. auk dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 27. ágúst 2022 til greiðsludags. Með vísan til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 verður stefnda jafnframt gert að greiða stefnanda málskostnað sem telst hæfilega ákveðinn 1.250.000 kr. og hefur þá verið tekið tillit til greiðslu virðisaukaskatts.
35. Snorri Stefánsson lögmaður flutti málið fyrir stefnanda og Hulda Rós Rúriksdóttir lögmaður fyrir stefnda.
36. Helgi Sigurðsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

#### **Dómsorð:**

Kröfu stefnanda um ógildingu á einkaskiptagerð, dags 1. júlí 2022, vegna skipta á dánarbúi C er hafnað.

Stefndi, A, greiði stefnanda, B, 16.430.744 krónur auk dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 27. ágúst 2022 til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda 1.250.000 krónur í málskostnað.